

01. des. 2004, 3. árg.

Mið- og Austur-Evrópa**Viðskiptatækifæri könnuð og tengsla aflað**

Mið- og Austur-Evrópa eru vaxandi markaðir fyrir íslensk fyrirtæki og bjóða jafnframt aukin fjárfestinga- og viðskiptatækifæri eftir því sem efnahagur styrkist og stöðuleiki eykst. Íslensk fyrirtæki, Útflutningsráð og utanríkisráðuneytið hafa gert viðreist í Mið- og Austur-Evrópu á árinu til að kanna viðskiptatækifæri og afla tengsla á svæðinu.

Ellefu íslensk fyrirtæki héldu til Vilnús í Litháen í júní. Um 100 aðilar úr rúmensku og íslensku viðskiptalífi tóku þátt í ráðstefnu um fjárfestingar og viðskipti í Búkarest í Rúmeníu í október, menningar- og viðskiptasendinefnd sótti Sófíu í Búlgaríu heim, haldin var viðskiptaráðstefna og menningardagskrá í St. Pétursborg í Rússlandi og Gunnar Snorri Gunnarsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, og Svavar Gestsson, sendiherra í Svíþjóð, sem jafnframt þjónar Serbíu- og Svartfjallalandi, funduðu með ráðamönnum í Serbíu og Svartfjallalandi um fjárfestinga- og viðskiptatækifæri ásamt fulltrúum Actavis og Burðaráss. Á árinu tók einnig til starfa sérstakur viðskiptaráðgjafi Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins í Póllandi, Rafal Bernatowski, og á næsta ári eru fyrirhugaðar viðskiptasendinefndir til Póllands, Slóvakíu og Tékklands.

Ellefu fyrirtæki til Litháen

Jón Baldvin Hannibalsson sendiherra, fór fyrir íslenskri viðskiptasendinefnd sem var í Vilnús í Litháen þann 7. og 8. júní s.l. Útflutningsráð Íslands sem skipulagði dagskrá sendinefndarinnar auk þess undirbúa viðskiptafundi fyrir þátttakendur í samvinnu við Lithuanian Development Agency. Aukinn áhugi íslenskra fyrirtækja á þessu markaðssvæði varð kveikjan að þessari sendinefnd en alls tóku 11 fyrirtæki þátt í henni. Í sendinefndinni voru fyrirtæki sem starfa á sviði upplýsingatækni, sjávarútvegs, bankastarfsemi, fjárfestinga auk fyrirtækja í verktakastarfsemi.

Rætt um viðskiptatækifæri í Búkarest

Fjórtán íslensk fyrirtæki kynntu starfsemi sína og markmið á viðskiptaráðstefnu í Búkarest og funduðu með rúmenskum fyrirtækum í október. Valgerður Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, leiddi viðskiptasendinefndina og átti fundi með rúmenska starfsbróður sínum, Vasile Radu, m.a. um hugsanlegt samstarf ríkjanna á sviði orkumála, en á fundinum kynnti Enex hf. þann kost að samnýta jarðvarma og timbur til orkuframleiðslu fyrir rúmenska ráðherranum. Valgerður fundaði einnig með borgarstjóra Búkarest, ásamt fulltrúum fyrirtækisins GoPro, um hugsanlegt samstarf borgarinnar og GoPro um uppbyggingu rafrænnar stjórnsýslu. Á ráðstefnunni undirrituðu Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs og Marius Vitionescu, framkvæmdastjóri Romanian Trade Promotion Centre, viljayfirlýsingu um samstarf um kynningu á fjárfestingakostum og viðskiptatækifærum í löndunum tveimur.



Davíð Oddsson fór fyrir fyrstu íslensku viðskiptasendinefndinni til Mið- og Austur-Evrópu á þessu ári þegar Úkraína var sótt heim í febrúar.

Íslenskir frumherjar í Rúmeníu

Eitt af fáum íslenskum fyrirtækjum sem reynt hafa fyrir sér í Rúmeníu er fyrirtækið Límtré hf. Límtré rekur m.a. límtrésverksmiðjuna GluLam í bænum Targoviste í samstarfi við danska fyrirtækið Danice Invest og Investeringsfonden for Østlandene í Danmörku. Sendinefndin heimsótti verksmiðjuna GluLam og fræddist um uppbyggingu fyrirtækisins í Rúmeníu og kynnti sér frá fyrstu hendi þær fjölmörgu hindranir sem Límtré hf. hefur þurft að yfirstíga til þess að geta hafði starfsemi í landinu.

Frh. bls. 2

01. des. 2004, 3. árg.

Aðstæður fyrir fjárfesta í Rúmeníu eru um margt erfiðar, m.a. vegna efnahagslegs óstöðugleika og óvissu um meðferð mála hjá hinu opinbera. Sú aðlögun í opinberri stjórnsýslu og efnahagsmálum, sem á sér stað í Rúmeníu vegna fyrirhugaðrar aðildar að Evrópusambandinu árið 2007, gerir að verkum að allt viðskiptaumhverfi er að breytast til batnaðar.

Fundað um fjárfestingatækifæri í Serbíu og Svartfjallalandi

Fulltrúar Actavis og Burðaráss fóru til Serbíu og Svartfjallalands með Gunnari Snorri Gunnarssyni, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Svavari Gestssyni, sendiherra í Stokkhólmi, sem jafnframt er sendiherra Íslands í Serbíu og Svartfjallalandi, og Jóni Ásbergssyni framkvæmdastjóra Útflutningsráðs til að kanna frekari viðskipta- og fjárfestingakosti á svæðinu. Actavis hefur rekið lyfjaverksmiðjuna Zdravle í Leskovac í suðurhluta Serbíu síðan 2002. Verksmiðjan er ein sú stærsta í Serbíu með um 1.300 starfsmenn. Í ferðinni voru haldnir 14 fundir með fulltrúum fyrirtækja, stofnana og ráðuneyta Serbíu einnar sér og Serbíu og Svartfjallalands, m.a. með fulltrúum í heilbrigðisráðuneyti Serbíu og ráðuneyti alþjóðlegra efnahagstengsla, forráðamönnum serbneska verslunarráðsins og fulltrúum Alþjóðabankans á svæðinu. Næsta skref verður að senda stærri viðskiptanefnd til Serbíu og Svartfjallalands.

Menning- og viðskipti í Búlgaríu

Í október var einnig haldin íslensk menningarhátíð og viðskiptaráðstefna í Sofíu. Actavis, Landsbankinn og Edda styrktu menningarhátíðina. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fór fyrir íslensku sendinefndinni og Sveinn Þórgriímsson, skrifstofustjóri, stýrði ráðstefnunni. Að lokinni almennri kynningu Jóns Ásbergssonar, framkvæmdastjóra Útflutningsráðs, á íslensku viðskiptaumhverfi og útrás íslenskra fyrirtækja kynntu, meðal annars, Actavis, Creditinfo Group, Enex, Exís, Festing, Frisk, GoPro, Landsbankinn, Lyfja, Lyf og heilsa, Rafteikning og Silfurberg starfsemi sýna. Síðan voru haldnir fundir með búlgönskum fyrirtækjum sem hafa áhuga á samstarfi við íslenska aðila. Valgerður Sverrisdóttir hitti einnig orkumálaráðherra Búlgaríu og átti fund með forstjóra Búlgarska símafyrirtækisins, en Íslendinga eiga ráðandi hlut í 65 % þessa fyrirtækis.

Íslandsdagar í St. Pétursborg

Málþing íslenskra og rússneskra viðskiptaáðila með þátttöku Árna Mathiesen, sjávarútvegsráðherra, kynning á íslenskum vörum, sýningar á íslenskum kvikmyndum og íslenskt sjávarfang var meðal þess sem íbúum St. Pétursborgar var boðið á fyrstu Íslandsdögunum í borginni í september. Íslandsdagarnir, voru samstarfsverkefni sendiráðs Íslands í Moskvu, ræðisskrifstofu Íslands í St. Pétursborg og Útflutningsráðs Íslands. Tvinnuð var saman kynningu á útflutningi á vörum og þjónustu frá Íslandi og íslenskri menningardagskrá. Meðal þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í Íslandsdögunum voru Landsbankinn, Iceland Fishproducts Ltd, Flugleiðir, Brovopremium International, Eimskip, GoPro, Hampiðjan, Zonet, Íslenska umboðssalan, About Fish Íslandi, Línuhönnun, Marel, Samskip, SÍF og 66 Norður.

Fyrirhugaðar sendinefndir til Póllands, Slóvakíu og Tékklands

Útflutningsráð er í samvinnu við utanríkisráðuneytið að undirbúa ferð viðskiptasendinefndar til Póllands, Slóvakíu og Tékklands á næsta ári. "Það er greinilegt að íslensk fyrirtæki sýna þessu markaðssvæði aukinn áhuga og við stefnum að því að fara með viðskiptasendinefndir til allra þessara landa," segir Vilhjálmur Guðmundsson hjá Útflutningsráði. "Til marks um þetta má nefna fjárfestingu hóps undir forystu Björgólfs Thors Björgólfssonar í næststærsta fjarskiptafélagi Tékklands í ágúst." Fyrirtæki sem hafa áhuga á að taka þátt í viðskiptasendinefndunum geta haft samband við Vilhjálmi í netfanginu vilhjalmur@icetrade.is

Viðskiptafulltrúi í Póllandi

Nýverið tók til starfa sérstakur viðskiptaráðgjafi Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins í Póllandi, Rafal Bernatowski. Pólland er um 40 milljón manna markaður sem býr við ört vaxandi hagsæld og er fjölmennast þeirra landa sem gengu í Evrópusambandið sl. vor. Margir hafa trú á að markaðurinn búi yfir miklum tækifærum til framtíðar og fyrirtæki sjá sér hag í að skoða pólska markaðinn á meðan hann er enn í þróun og vaxa með honum. Sjá nánar á vef Viðskiptaþjónustunnar www.vur.is

